

Skipulag

Fundarboðandi:	Þorvaldur H. Þórðarson	Fundarstaður:	Matvælastofnun, Hafnarfirði
Fundarstjóri:	Þorvaldur H. Þórðarson	Dagsetning:	17. apríl 2024
Fundarritari:	Þórður H. Sveinsson	Fundartími:	10:00-12:00

Pátttakendur: Þorvaldur H. Þórðarson (Yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson og Ásthildur Erlingsdóttir (f.h. Tilraunastöðvar HÍ í Meinafræði að Keldum), Rakel Guðmundsdóttir og Fjóla Rut Svavarsdóttir (Hafrannsóknarstofnun), Berglind Helga Bergsdóttir, Gísli Jónsson og Wija Ariyani (sérgreinadýralæknar hjá Matvælastofnun) og Þórður H. Sveinsson, (lögfræðingur hjá Matvælastofnun), fundarritari.

Dagskrá

- Farið yfir skýrslu fiskeldisdeildar Matvælastofnunar frá því í febrúar 2024, um afföll í Tálknafirði 2023 og áætlanir fyrirtækja í fiskeldi á Vestfjörðum vor/sumar 2024, um forvarnir og ráðstafanir gegn laxalús og tillögur að breyttu verklagi Fisksjúkdómanefndar vegna umsagna.

Umræða

- Farið yfir skýrslu fiskeldisdeildar Matvælastofnunar frá febrúar 2024, um afföll í Tálknafirði vegna laxalúsar 2023.
- Almennar umræður um verklag hjá nefndinni við afgreiðslu umsókna, sbr. umræða um nýtt lagafrumvarp um lagareldi sem verður að öllum líkindum samþykkt á haustþingi 2024 og á að taka betur utan um tilkomu laxalúsar.
- Ákveðið var að umsóknir um lúsameðhöndlun yrðu afgreiddar frá Matvælastofnun á innan við þremur virkum sólarhringum frá því að umsóknir berast stofnuninni.
- Einnig var ákveðið að ef Fisksjúkdómanefnd tekst ekki að halda fund innan þriggja virkra sólarhringa mun afgreiðsla umsagna nefndarinnar fara fram í gegnum tölvupóstssamskipti.
- Þá var ákveðið að vinna eftir þeim viðmiðum sem stofnunin hefur lagt til í nýju lagafrumvarpi, að lús skuli ekki fara yfir 0,5% kynþroska kvenlaxalúsar á fiski á viðkvæmum tíma villtra göngulaxaseiða, og ekki yfir 1% kynþroska kvenlaxalúsar á fiski utan þess tímabils.

Fleira ekki tekið fyrir.

